

Innvigtun mjólkur og nýting framleiðsluréttar

INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2014 OG 2015


Heildarinnvigtun aðildarfélaga SAM árið 2015 var um 146 milljónir lítra. Innvigtun jókst um 12,5 milljónir lítra milli ára, eða 9,4%. Aukningin var að jafnaði 5% fyrstu fimm mánuði ársins en seinni hluta ársins var aukningin 13%. Mánaðarleg innvigtun síðustu tveggja ára er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Samanburður á innvigtun eftir mánuðum árin 2014 og 2015, lítrar.

Mánuður	2015	2014	Mismunur	Mismunur %
Janúar	11.651.471	10.870.204	781.267	7,2%
Febrúar	11.016.537	10.381.303	635.234	6,1%
Mars	12.438.916	11.638.223	800.693	6,9%
Apríl	12.206.753	11.905.885	300.868	2,5%
Mái	12.814.294	12.493.801	320.493	2,6%
Júní	13.112.800	11.904.704	1.208.096	10,1%
Júlí	13.001.215	11.387.179	1.614.036	14,2%
Ágúst	12.249.001	10.566.298	1.682.703	15,9%
September	11.752.852	10.584.681	1.168.171	11,0%
Október	11.623.370	10.346.527	1.276.843	12,3%
Nóvember	11.553.457	9.844.728	1.708.729	17,4%
Desember	12.613.767	11.590.202	1.023.565	8,8%
Samtals	146.034.433	133.513.735	12.520.698	9,4%

VIKULEG INNVIKTUN AÐILDARFÉLAGA SAM ÁRIN 2013, 2014 OG 2015


Vikuleg innvigtun mjólkursamlaganna sveiflast yfir árið. Síðustu ár hefur innvigtun verið mest á tímabilinu frá því snemma í maí til loka júní. Vegna óvenjulegrar söfnunar mjólkur varð innvigtun mest í síðustu viku ársins 2015. Þar fyrir utan var mest innvigtun 2.981 þús. lítrar í viku 27 sem náði yfir mánaðar mótin júní – júlí.



Mynd 1: Vikuleg innvigtun mjólkur

MEÐALINNVIKTUN OG FJÖLDI MJÓLKURFRAMLEIÐENDA

SAM hefur safnað gögnum um fjölda mjólkurinnleggjenda frá árinu 1980. Á síðustu 35 árum hefur mjólkurframleiðendum fækkað um 1.721 eða 73%. Dregið hefur úr fækkun síðustu tíu ár, en síðustu fimm ár hefur fækkað um 47 mjólkurframleiðendur. Í árslok 2015 hafði mjólkurframleiðendum fækkað um 14 frá árinu 2014.



Mynd 2: Fjöldi mjólkurframleiðenda og meðalinnvigtun árin 1980 – 2015.

NÝTTUR FRAMLEIÐSLURÉTTUR VERÐLAGSÁRIÐ 2015

Samkvæmt uppgjöri sem unnið er af SAM, byggt á upplýsingum frá Búnaðarstofu, var innvigtun og skráð nýting greiðslumarks verðlagsársið 2015 samtals 146.054.236 lítrar, en greiðslumark verðlagsársins var 140.000.000 lítrar. Innvigtun og skráð nýting greiðslumarks var því 4,3% umfram greiðslumark.

Öllum sem taka mjólk til vinnslu er skylt að skila skýrslum um magn mjólkur til Búnaðarstofu sem safnar gögnunum fyrir Matvælastofnun. Aðildarfélag SAM upplýsa Búnaðarstofu um mánaðarlega innvigtun og skiptingu innvigtunar milli einstakra framleiðenda. Í töflu 2 er sýnd nýting greiðslumarks hjá hverri afurðastöð verðlagsárið 2015, ásamt uppgjöfnum magni mjólkur sem var nýtt til heimavinnslu á verðlagsárinu og óskráðri nýtingu sem Búnaðarstofa á eftir að leiðrétta.

Tafla 2. Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2015.

Skýringar	Framleitt innan greiðslumarks	Framleitt umfram greiðslumark	Framleitt alls
Innvigtun hjá Auðhumla svf	125.970.309	5.877.251	131.847.560
Innvigtun hjá Mjólkursamlag KS	14.030.333	176.343	14.206.676
Heimavinnsla innifalin hjá Auðhumlu	36.745	0	0
Til leiðréttingar hjá MAST ótalið hjá KS	16.942	0	0
Samtals Auðhumla og KS	140.000.642	6.053.594	146.054.236

Heimild: Búnaðarstofa og aðildarfélag SAM.